

69
12. nóv.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 84 1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. gr. laga nr. 84/1940 bætist:

Vinningar í veðmálastarfsemi íþróttasjóðs skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. nóvember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

70
17. nóv.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 105 1951, um breyting á lögum nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9 1951, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. málsg. 1. gr. bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:

Á sama hátt skal og verðlagsuppbót breytast 1. sept. og 1. des. 1952 og 1. marz, 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1953.

2. gr.

Ekki skal innheimta framleiðslugjald samkvæmt 3. gr. laganna af síld, sem lögð var á land til bræðslu á sumarsíldveiðum 1952.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. nóvember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.